

# Afbrot á höfuðborgar- svæðinu 2016



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

# Afbrot á höfuðborgar- svæðinu 2016

Útgefandi: Lögreglustjórnin á höfuðborgar-  
svæðinu

Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild

Jónas Orri Jónasson

Myndir:

Foto.is sf.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Útgefið í október 2017

# - Efnisyfirlit -

3

<b>Helstu niðurstöður</b>	<b>4</b>	<b>Lögreglustöð 2</b>	<b>22</b>
<b>Afbrot á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>5</b>	<b>Garðabær og Álftanes</b>	<b>23</b>
Íbúafjöldi	6	<b>Hafnarfjörður</b>	<b>23</b>
Heildarfjöldi brota	7	<b>Lögreglustöð 3</b>	<b>24</b>
Auðgunarbrot	8	<b>Breiðholt</b>	<b>25</b>
Þjófnaður	9	<b>Kópavogur</b>	<b>25</b>
Innbrot	10	<b>Lögreglustöð 4</b>	<b>26</b>
Kynferðisbrot	11	<b>Árbær og Grafarholt</b>	<b>27</b>
Ofbeldisbrot	12	<b>Grafarvogur</b>	<b>27</b>
Eignaspjöll og nytjastuldur	13	<b>Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhreppur</b>	<b>28</b>
Fíkniefnabrot	14	<b>Samanburður milli svæða</b>	<b>29</b>
Haldlögð fíkniefni	15	<b>Heildarfjöldi brota</b>	<b>30</b>
<b>Afbrot eftir svæðum</b>	<b>16</b>	<b>Ofbeldisbrot</b>	<b>31</b>
Heildarfjöldi brota eftir svæðum	17	<b>Kynferðisbrot</b>	<b>32</b>
<b>Lögreglustöð 1</b>	<b>18</b>	<b>Innbrot</b>	<b>33</b>
Háaleiti	19	<b>Fíkniefnabrot</b>	<b>34</b>
Hlíðar	19	<b>Eignaspjöll</b>	<b>35</b>
Laugardalur	20	<b>Nytjastuldur</b>	<b>36</b>
Miðborg	20		
Vesturbær	21		
Seltjarnarnes	21		

# - Helstu niðurstöður -

- Árið 2016 bárust færri tilkynningar til lögreglu um hegningarlaga brot á höfuðborgarsvæðinu en árið 2015.
- Umferðarlagabrotum fjölgaði hins vegar töluvert, eða um tæplega 16 prósent.
- Um 51 prósent allra tilkynntra hegningarlaga brota voru vegna auðgunarbrota.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 4.382 tilkynningar um auðgunarbrot árið 2016 og hefur tilkynningum fækkað ár hvert allt frá árinu 2010.
- Að meðaltali bárust 12 tilkynningar til lögreglu um auðgunarbrot á degi hverjum árið 2016.
- Stærstur hluti tilkynntra auðgunarbrota er vegna þjófnaðarbrota.
- Árið 2016 bárust 2.939 tilkynningar um þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki borist eins fáar tilkynningar á einu ári síðan árið 2007.
- Tilkynnt var um 849 innbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2016, eða á bilinu tvö til þrjú innbrot á dag. Tilkynningum fækkaði á milli ára.
- Um það bil þriðjungur tilkynntra innbrota voru í heimili og um þriðjungur í ökutæki.
- Árið 2016 var tilkynnt um 277 kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu sem er svipaður fjöldi og barst árið áður.
- U.þ.b. 45 prósent tilkynntra kynferðisbrota árið 2016 voru nauðganir.
- Lögreglunni bárust 1.197 tilkynningar um ofbeldisbrot árið 2016 eða álíka margar tilkynningar og bárust árið 2015.
- Lang flest ofbeldisbrot áttu sér stað frá miðnætti til sjö um morguninn aðfaranótt sunnudags.
- Ekkert manndráp átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu árið 2016.
- Árið 2016 var tilkynnt um svipaðan fjölda eignaspjalla líkt og árið 2015, eða 1.325.
- Nytjastuldum fækkaði lítillega á milli árána 2015 og 2016.
- Skráð voru 1.345 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Um það bil 70 prósent allra skráðra fíkniefnabrota er vegna vörslu og neyslu fíkniefna.
- Lagt var hald á um 30 kíló af marjúana í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 og um níu kíló af amfetamíni. Sem er nokkuð minna magna en síðastliðin ár.
- Árið 2016 bárust flestar tilkynningar um hegningarlaga brot, 4.045 frá svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Háaleiti, Hlíðar, Laugardal, Miðborg, Vesturbæ og Seltjarnarnes.
- Tilkynningar um hegningarlaga brot voru fæstar á varðsvæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes eða 1.017 talsins.
- Flest hegningarlaga brot áttu sér stað í Miðborg eða 1.576 brot. Það gerir um 18 prósent allra brota á höfuðborgarsvæðinu.
- Lögreglunni bárust engar tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Kjósarhrepp árið 2016.

# - Afbrot á höfuðborgarsvæðinu -

Hér er fjallað um dreifingu afbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Niðurstöður eru bornar saman við fjölda brota árin á undan. Fyrst er fjallað um breytingar á íbúafjölda á svæðinu, því næst er þróun í heildarfjölda brota skoðuð. Loks er farið yfir hvern brotaflokk fyrir sig og greint frá þróun brota milli ára og miðað við meðalfjölda árin 2013 til 2015. Miðað er við fjölda brota sem tilkynnt voru til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu ár hvert.





# - Íbúafjöldi -

- Árið 2016 voru rúmlega 216.000 íbúar skráðir með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Lögreglumönnum við störf hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um einn á milli árána 2015 og 2016. Árið 2016 voru 290 lögreglumenn við störf á höfuðborgarsvæðinu en 291 árið 2015. Fjöldi lögreglumanna fór þannig úr um 14 lögreglumönnum á hverja 10.000 íbúa í 13 árið 2016.
- Íbúum fjölgaði um 5.500, eða um 2,6 prósent, miðað við meðalfjölda íbúa árin 2013 til 2015.
- Hlutfallslega fjölgaði íbúum mest í Kópavogi eða um rúmlega sex prósent. Heildarfjölgunin í Kópavogi var rúmlega 2.000 nýir íbúar.
- Íbúum fækkaði í Miðborg og Vesturbæ og var fækkunin hlutfallslega mest í Miðborginni, rúmlega fimm prósent.
- Flestir voru búsettir í Kópavogi (16,3%), en fæstir á Seltjarnarnesi (2,1%).

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild	Breytingar frá '13-'15	
	'13-'15	2015	2016	2016	Fjöldi	%
Árbær og Grafarholt	17.129	17.447	17.952	8,3	823	4,8
Breiðholt	21.089	21.274	21.397	9,9	308	1,5
Garðabær og Álftanes	14.450	14.717	15.230	7,0	780	5,4
Grafarvogur	17.793	17.743	17.802	8,2	9	0,1
Hafnarfjörður	27.807	28.189	28.703	13,3	896	3,2
Háaleiti	14.379	14.385	14.542	6,7	163	1,1
Hlíðar	11.472	11.627	11.726	5,4	254	2,2
Kópavogur	33.218	34.140	35.246	16,3	2.028	6,1
Laugardalur	13.841	13.852	13.962	6,5	121	0,9
Miðborg	8.155	8.041	7.735	3,6	-420	-5,2
Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós	10.383	10.604	10.992	5,1	609	5,9
Seltjarnarnes	4.402	4.415	4.450	2,1	48	1,1
Vesturbær	16.726	16.726	16.607	7,7	-119	-0,7
<b>Samtals</b>	<b>210.844</b>	<b>213.160</b>	<b>216.344</b>	<b>100,0</b>	<b>5.500</b>	<b>2,6</b>


# - Heildarfjöldi brota -

- Árið 2016 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 8.648 tilkynningar um hegningarlaga brot.
- Tilkynningum um hegningarlaga brot fækkaði um tæplega sjö prósent á milli ára.
- Fjöldi skráðra sérrefsilaga brota breyttist lítið á milli ára. Skráð voru 2.987 brot árið 2015 en 2.952 árið 2016.
- Umferðarlaga brotum fjölgaði hins vegar töluvert, eða um 15,5 prósent.
- Umferðarlaga brotum hefur fjölgað á hverju ári frá 2013 þegar skráður fjöldi var tæplega 20.000. Árið 2016 var skráður fjöldi umferðarlaga brota hins vegar orðinn rúmlega 33.000
- Á milli árána 2015 og 2016 fækkaði tilkynningum um auðgunarbrot, og þar af innbrot, nokkuð.
- Tilkynntum auðgunarbrotum fækkaði mest, eða um rúmlega 20 prósent, en tilkynningum um innbrot fækkaði um tæplega 15 prósent.
- Fjöldi auðgunarbrot árið 2016 var svipaður og árið 2014.
- Tilkynningum um nytjastuldi fækkaði um tæplega tíu prósent á milli ára.
- Fjöldi kynferðisbrota, eignaspjalla, fíkniefnabrot og ofbeldisbrota breyttist lítið á milli árána 2015 og 2016.




# - Auðgunarbrot -

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 4.382 tilkynningar um auðgunarbrot árið 2016 er það um helmingur allra tilkynntra hegningarlagabrota.
- Tvö af hverjum þremur tilkynntum auðgunarbrotum árið 2016 voru þjófnaðir.
- Færri tilkynningar bárust árið 2016 en 2015 og hefur auðgunarbrotum heilt yfir verið að fækkað ár frá ári allt frá 2009, að árinu 2015 undanskildu.
- Á milli ára fækkaði tilkynningum um allar tegundir auðgunarbrot, nema tilkynningum um fjársvik og fjárdrátt.
- Fjölgun fjársvika má að einhverju leyti skýra með fjölgun tilkynninga um svik á netinu, en lögreglunni barst 51 tilkynning um fjársvik sem áttu sér stað á netinu árið 2016.
- Fækkun auðgunarbrot árið 2016 skýrist að miklu leyti af færri tilkynningum um þjófnaði. Tilkynnt var um 16 prósent færri þjófnaðarbrot árið 2016 miðað við árið 2015.
- Innbrotum fækkaði að sama skapi nokkuð á milli ára og var fjöldi tilkynninga svipaður og hann var árið 2013.
- Árið 2016 var skráð 41 tilkynning um rán á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynningum fækkaði miðað við árið áður. Fjöldi tilkynninga um rán hefur verið í kringum 50 á ári síðastliðin ár.
- Að meðaltali var tilkynnt um 365 auðgunarbrot á mánuði árið 2016, eða um það bil 12 brot á dag. Til samanburðar var að meðaltali tilkynnt um 14 brot á dag árið 2015 og um 21 brot árið 2009.




Fjöldi auðgunarbrot árin 2009 til 2016 og meðaltal árin 2009 til 2015






# - Þjófnaður -

- Stærsti hluti tilkynntra auðgunarbrota er vegna þjófnaðarbrota.
- Fjöldi tilkynninga um þjófnaði hafði verið nokkuð stöðugur frá 2011 til 2014 eða í kringum 3.300 brot. Árið 2016 fækkaði hins vegar tilkynningum og hafa ekki borist eins fáar tilkynningar á einu ári frá því 2007 þegar lögreglunni bárust um það bil 2.400 tilkynningar.
- Flestir þjófnaðir sem tilkynntir voru árið 2016 féllu undir flokkinn annað. Þá er t.d. um að ræða þjófnaði úr búningasklefum, þjófnað á töskum og/eða yfirhöfnum á samkomustöðum og fleira.
- Næst flestar tilkynningar bárust um hnupl úr verslunum, eða 866 tilkynningar. Um er að ræða töluverða fækkun milli ára eða um 20 prósent. Fækkun tilkynntra þjófnaða á milli áráanna 2015 og 2016 skýrist því að miklu leyti af fækkun hnuplmála.
- Álíka margar tilkynningar bárust um þjófnaði á reiðhjólum og skráningarmerkjum árið 2016 og bárust árið áður.
- Tilkynnt var um 472 reiðhjólþjófnaði árið 2016. Má því ætla að rúmlega eitt hjól (1,3) hafi verið tilkynnt stolið á hverjum degi árið 2016.
- Tilkynningum um þjófnaði á farsímum fækkaði töluvert á milli ára eða um tæplega 24 prósent.
- Árið 2016 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um helmingi færri tilkynningar um eldsneytisþjófnaði en bárust árin 2014 og 2015.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust að meðaltali um 245 tilkynningar um þjófnaði í hverjum mánuði árið 2016, sem gerir um það bil átta tilkynningar á dag.




Fjöldi þjófnaða árin 2009 til 2016 og meðaltal áráanna 2009 til 2015




# - Innbrot -


- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 849 tilkynningar um innbrot árið 2016, sem gera um það bil 2,3 tilkynningar á degi hverjum árið 2016.
- Tilkynntum innbrotum hefur fækkað ár frá ári allt frá árinu 2009, að árunum 2014 og 2015 undanskyldum.
- Árið 2016 bárust um það bil 20 prósent færri tilkynningar um innbrot en árið 2015 og um 40 prósent færri en að meðaltali árin 2009 til 2015.
- Um það bil þriðjungur tilkynntra innbrota voru inn á heimili og svipaður fjöldi tilkynninga voru um innbrot í ökutæki.
- Algengast var að tilkynningar bærust lögreglunni á milli kl. 16 og 20 á mánudögum og fimmtudögum og frá miðnætti til fjögur aðfaranótt laugardags.
- Heilt yfir bárust flestar tilkynningar um innbrot á föstudögum.



Fjöldi innbrota eftir tíma sólarhringsins og vikudegi



Fjöldi innbrota árin 2009 til 2016 og meðaltal árána 2009 til 2015





Hlutfall innbrota eftir tegund vettvangs árið 2016




# - Kynferðisbrot -

- Árið 2016 voru 277 kynferðisbrot tilkynnt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.
- Viss stígandi hefur verið í fjölda tilkynntra kynferðisbrota allt frá árinu 2005, en árið 2016 bárustu lögreglu um 100 fleiri tilkynningar en árið 2009. Árið 2013 skar sig sérstaklega úr, en það ár bárust 416 tilkynningar um kynferðisbrot.
- Árið 2016 bárust um það bil tíu prósent fleiri tilkynningar um kynferðisbrot en að meðaltali árin 2009 til 2015.
- Álíka fjöldi tilkynninga barst lögreglunni árið 2016 líkt og árið 2015.
- Tilkynntum nauðgunum árið 2016 fækkaði um tvær frá árinu á undan. Tilkynningarnar voru þó fleiri en þær voru árin 2014 og 2013.
- Skráðum kynferðisbrotum sem hér eru flokkuð undir annað fjölgaði mest á milli ára. Þarna undir eru t.d. blygðunarsemisbrot og kynferðisleg áreitni.
- Árið 2016 voru fjögur vændismál í rannsókn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Er þetta svipaður fjöldi og árið áður, en töluvert færri brot en árið 2013, þegar tæplega 100 mál voru skráð.
- Fjöldi vændismála er háður frumkvæði lögreglunnar hverju sinni og ákvarðast fjöldinn því að miklu leyti af því hve miklum tíma lögregla getur varið í málaflokkinn.
- Tilkynningum um kynferðisbrot gegn börnum fjölgaði um tvær á milli ára. Fjöldi tilkynninga árið 2016 er þó töluvert lægri en árin 2013 og 2014.




# - Ofbeldisbrot -


- Skráðar voru 1.197 tilkynningar um ofbeldisbrot í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu árið 2016.
- Álíka margra tilkynningar bárust um ofbeldisbrot árið 2016 líkt og árið 2015. Tilkynningum hefur þó fjölgað um tæplega 45 prósent miðað við meðalfjölda árána 2009 til 2015.
- Árið 2016 var ekkert manndráp skráð á höfuðborgarsvæðinu, en fimm tilraunir til manndráps voru skráðar.
- Fjöldi minniháttar og meiriháttar líkamsárása var svipaður árið 2016 og árið 2015.
- Tilkynningum um minniháttar líkamsárásir hefur þó fjölgað töluvert miðað við árin 2013 og 2014.
- Þessi fjölgun skýrist að mestu leyti af breytingum á verklagi lögreglunnar í heimilisofbeldismálum sem tóku gildi í byrjun árs 2015.
- Langflest ofbeldisbrot eiga sér stað aðfaranótt sunnudags, líkt og hefur sýnt sig undanfarin ár.



Fjöldi ofbeldisbrota 2009 til 2016 og meðaltal árána 2009 til 2015





Fjöldi brota



Fjöldi ofbeldisbrota eftir tíma sólarhringsins og vikudegi



## - Eignaspjöll og nytjastuldur -

- Árið 2016 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 1.325 tilkynningar um eignaspjöll. Gerir það um það bil 110 tilkynningar um eignaspjöll í hverjum mánuði, eða tæplega fjórar tilkynningar á hverjum degi árið 2016.
- Frá árinu 2013 hefur tilkynntum eignaspjöllum fjölgað lítillega ár frá ári allt frá árinu 2013. Tilkynningar árið 2016 voru þó um 12 prósent færri en þær voru að meðaltali árin 2009 til 2015.
- Tilkynningum um minniháttar skemmdarverk fjölgaði á milli árána 2015 og 2016, en lögreglu bárust færri tilkynningar um meiriháttar eignaspjöll árið 2016 miðað við árið 2015.
- Árið 2016 voru skráðar 470 tilkynningar um rúðubrot á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi tilkynninga er svipaður og árið 2015.
- Tilkynningum um veggjakrot fjölgaði lítillega á milli ára. Skráð voru 62 brot árið 2016 en 54 árið 2015.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 325 tilkynningar um nytjastuld ökutækja árið 2015. Fækkaði tilkynningum um 12 prósent miðað við árið 2015. Það ár voru tilkynningar um nytjastuldi óvenju margar. En tilkynningum fjölgaði um tæplega tíu prósent miðað við meðalfjölda árin 2009 til 2015.
- Að meðaltali bárust um 27 tilkynningar um nytjastuldi í hverjum mánuði árið 2016.



# - Fíkniefnabrot -

- Árið 2016 voru skráð 1.345 fíkniefnabrot hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Gerir það að meðaltali um 112 fíkniefnabrot í hverjum mánuði árið 2016 eða um það bil fjögur brot á dag.
- Þar af voru skráð 36 stórfelld fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu, en fjöldi stórfelldra brota hefur verið á milli 30 til 40 síðastliðin ár.
- Fjöldi skráðra fíkniefnabrota hafði vaxið ár hvert frá árinu 2009 til 2014, en fækkaði umtalsvert árið 2015.
- Álíka mörg fíkniefnabrot voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 og árið 2015. Brotin voru um það bil fimm prósent fleiri árið 2016 en að meðaltali árin 2009 til 2015.
- Um það bil 70 prósent allra skráðra fíkniefnabrota er vegna vörslu og/eða meðferðar ávana- og fíkniefna. Slík brot koma oft upp í tengslum við önnur mál.
- Árið 2016 voru skráð 195 brot vegna flutnings fíkniefna á milli landa, eru það um 23 prósent fleiri mál en komu upp árið 2015.
- Skráð voru 74 mál vegna framleiðslu fíkniefna árið 2016 sem er svipaður fjöldi og árið 2015.
- Um 120 brot vegna sölu og dreifingar fíkniefna komu upp árið 2016. Eru það um tíu prósent færri brot en voru skráð árið 2015.
- Stærstur hluti fíkniefnabrota er tilkomin vegna frumkvæðisvinnu lögreglunnar og markast fjöldi þeirra því að miklu leyti af áherslum í löggæslu á hverjum tíma.




# - Haldlögð fíkniefni -

- Heilt yfir lögðu lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og tollgæslan hald á minna magn fíkniefna árið 2016 en árið 2015. Nokkrar sveiflur eru á því magni sem lagt er hald á ár hvert.
- Árið 2016 var lagt hald á rúmlega 30 kíló af marjúana, sem er svipað magn og lagt var hald á árið 2013 en nokkuð minna en árin 2014 og 2015.
- Lögregla og tollgæsla lögðu hald á tæplega níu kíló af amfetamíni árið 2016 sem er um 14 kílóum minna en árið áður.
- Lagt var hald á umtalsvert meira magn af metamfetamíni en undanfarin ár eða rétt rúmlega eitt kíló. Magnið hefur hingað til verið innan við 100 grömm.
- Minna magn af ecstasy var tekið árið 2016 miðað við árið 2015. Lagt var hald á rúmlega 1,8 kíló af ecstasy og um 1.800 stykki.
- Árið 2016 var oftár lagt hald á amfetamín heldur en marjúana og er það í fyrsta skipti síðan árið 2008 sem slíkt kemur upp. Lagt var hald á amfetamín í um 900 skipti en 795 sinnum var lagt hald á marjúana.
- Árið 2016 var lagt hald á kókaín í 332 skipti sem er fjölgun frá árunum 2014 og 2015 þegar haldlagningar voru 227 og 211.
- Fjöldi haldlagninga á hassi var svipaður og verið hefur síðastliðin ár. Árið 2016 voru haldlagningar 40, en þær voru 37 árið áður og 42 árið 2013. Árið 2014 voru haldlagningar hins vegar 29.

Haldlagt magn fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu 2006-2016

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hass (g)	22.675	5.841	41.511	25.423	13.626	1.377	546	173	357	1.395	646
Marijúana (g)	3.539	3.302	4.561	54.395	25.245	27.856	19.743	30.786	56.662	46.033	30.754
Tóbaksblandað (g)	275	298	185	107	252	184	214	316	264	247	255
Amfetamín (g)	23.203	26.290	5.001	70.230	7.974	30.897	10.736	28.145	3.438	22.658	8.801
Metamfetamín (g)	1	3	15	2	11	17	0	81	68	13	1.014
Ecstasy (g)	78	14.045	68	5	125	236	894	101	144	3.513	1.814
Ecstasy (stk)	1.478	2.394	3.703	9.653	15.084	47.842	1.073	573	1.321	4.035	1.829
Kókaín (g)	9.073	821	3.622	4.885	4.116	1.929	4.279	830	980	6.027	621
Heróín (g)	0,0	12,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,4	0,0
LSD (stk)	95	699	350	6	503	4.488	14	115	2.761	700	370



Fjöldi haldlagninga eftir tegund efna árin 2006-2015

# - Afbrot eftir svæðum -



Hér er fjallað um dreifingu afbrota eftir svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Fjallað er um heildarfjölda brota árið 2016 á svæði hvers lögreglustöðvar fyrir sig og sá fjöldi borinn saman við meðalfjölda brota árin 2013 til 2015. Sömu upplýsingar eru síðan skoðaðar fyrir einstaka hverfi eða sveitarfélög sem falla undir starfssvæði hvers lögreglustöðvar. Þau brot sem áttu sér stað utan umdæmismarka lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eru ekki talin með hér.





# - Heildarfjöldi hegningarlagabrota eftir svæðum -

- Tilkynntum hegningarlagabrotum fækkaði á starfssvæði allra lögreglustöðva árið 2016 nema á svæði lögreglustöðvar 2 þar sem tilkynningum fjölgaði.
- Langflest brot voru tilkynnt í umdæmi lögreglustöðvar 1 sem sinnir fimm hverfum í Reykjavík, Háaleiti, Hlíðum, Laugardal, Miðborg, Vesturbæ og Seltjarnarnesi.
- Fæst brot voru tilkynnt í umdæmi lögreglustöðvar 2 sem sinnir Garðabæ, Álftanesi og Hafnarfirði.




# - Lögreglustöð 1 -

## Háaleiti — Hlíðar — Laugardalur — Miðborg — Vesturbær — Seltjarnarnes

- Árið 2016 voru 4.045 hegningarlagabrot tilkynnt á varðsvæði lögreglustöðvar 1.
- Flestar tilkynningar, 1.576, bárust um brot sem áttu sér stað í Miðborg, eða um það bil tvær af hverjum fimm tilkynningum. Næstflestar bárust úr Laugardal, 963, eða um það bil ein af hverjum fjórum tilkynningum.
- Fæstar tilkynningar bárust um brot sem áttu sér stað á Seltjarnarnesi, 65 tilkynningar eða 1,6 prósent.
- Tilkynningum um öll þau brot sem tekin eru saman hér fækkaði á milli árána 2015 og 2016, nema tilkynntum eignaspjöllum.
- Auðgunarbrotum, fíkniefnabrotum og kynferðisbrotum fækkaði á svæðinu miðað við meðalfjölda árin 2013-2015.
- Mest fækkaði skráðum fíkniefnabrotum, eða um rúmlega 27 prósent miðað við meðalfjölda fyrri ára. Tilkynningum um kynferðisbrot fækkaði minnst eða um tæplega 24 prósent.
- Tilkynningum um innbrot, ofbeldisbrot, eignaspjöll og nytjastuldi fjölgaði árið 2016 miðað við meðaltal fyrri ára.
- Mest fjölgaði tilkynningum um nytjastuldi á svæðinu eða um tæplega 30 prósent. Tilkynningunum fækkaði þó smávægilega árið 2016 miðað við árið 2015.

Lögreglustöð 1; 4.045 hegningarlagabrot



Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 1 árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	2.296	2.645	1.806	2.398	-592	-24,7
- þar af innbrot	321	434	375	349	26	7,3
Fíkniefnabrot	768	518	459	632	-173	-27,4
Kynferðisbrot	99	134	107	140	-33	-23,6
Ofbeldisbrot	519	609	570	528	42	8,0
Eignaspjöll	577	597	634	568	66	11,6
Nytjastuldur	98	131	130	100	30	29,6

## - Háaleiti -

- Árið 2016 var tilkynnt um 618 hegningarlagabrot í Háaleitishverfi.
- Tilkynningum um flest brot fjölgaði árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013—2015.
- Mest fjölgaði tilkynningum um kynferðisbrot, eða um tæplega 67 prósent. Brotunum fjölgaði um sex miðað við meðalfjölda fyrri ára.
- Innbrotum fjölgaði minnst miðað við meðaltal árána 2013 til 2015 eða um rúmlega sjö prósent. Tilkynntum brotum fækkaði hins vegar á milli ára.
- Skráðum auðgunarbrotum og fíkniefnabrotum fækkaði árið 2016 miðað við meðalfjölda fyrri ára.

## - Hlíðar -

19

- Skráð voru 436 hegningarlagabrot í Hlíðunum árið 2016.
- Árið 2016 fækkaði skráðum auðgunarbrotum, fíkniefnabrotum og kynferðisbrotum miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Tilkynningum um kynferðisbrot fækkaði hlutfallslega mest, eða um 68 prósent, en tilkynningum um auðgunarbrot fækkaði minnst, eða um 22 prósent.
- Skráðum innbrotum, ofbeldisbrotum, eignaspjöllum og nytjastuldum fjölgaði miðað við meðaltal árin 2013-2015.
- Mest fjölgaði tilkynningum um nytjastuldi á svæðinu eða um 50 prósent. Innbrotum fækkaði hlutfallslega minnst, eða um rúmlega 11 prósent.

Fjöldi brota í Háaleiti árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	305	387	299	335	-36	-10,7
- þar af innbrot	58	79	69	64	5	7,3
Fíkniefnabrot	99	75	66	92	-26	-28,3
Kynferðisbrot	8	7	15	9	6	66,7
Ofbeldisbrot	33	59	56	45	11	25,4
Eignaspjöll	68	76	83	70	13	18,6
Nytjastuldur	10	28	21	14	7	46,5

Fjöldi brota í Hlíðum árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	215	240	170	219	-49	-22,3
- þar af innbrot	46	55	53	48	5	11,2
Fíkniefnabrot	86	62	50	74	-24	-32,1
Kynferðisbrot	12	15	10	31	-21	-68,1
Ofbeldisbrot	41	61	59	46	13	29,2
Eignaspjöll	67	73	80	65	15	23,1
Nytjastuldur	8	12	16	11	5	50,0

## - Laugardalur -

- Árið 2016 bárust 963 tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Laugardal.
- Tilkynningum fækkaði í öllum brotaflokkum miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, nema ofbeldisbrotum og eignaspjöllum.
- Mest fækkaði tilkynningum um auðgunarbrot á svæðinu eða um tæplega 27 prósent.
- Tilkynningum um innbrot fækkaði minnst, eða um þrjú prósent.
- Árið 2016 bárust 96 tilkynningar um ofbeldisbrot í hverfinu og fjölgaði tilkynningunum um 58 prósent miðað við meðaltal árána 2013-2015.

## - Miðborg -

20

- Tilkynnt var um 1.576 hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Miðborginni árið 2016.
- Árið 2016 var 161 fíkniefnabrot skráð í hverfinu og fækkaði tilkynningunum um tæplega 30 prósent miðað við meðalfjölda árin 2013 til 2015. Álíka mörg mál voru skráð árið 2016 líkt og árið 2015.
- Skráðum auðgunarbrotum fækkaði einnig miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, eða um tæplega 27 prósent.
- Tilkynningum un nytjastuldi fjölgaði hlutfallslega mest á svæðinu miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, eða um rúmlega 40 prósent.
- Innbrotum fjölgaði um rúmlega þriðjung árið 2016 miðað við meðalfjölda fyrri ára.

Fjöldi brota í Laugardal árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	561	672	430	586	-156	-26,6
- þar af innbrot	95	139	107	110	-3	-3,0
Fíkniefnabrot	234	186	154	190	-36	-19,1
Kynferðisbrot	40	29	28	32	-4	-12,5
Ofbeldisbrot	56	90	96	61	35	58,2
Eignaspjöll	136	149	140	128	12	9,4
Nytjastuldur	35	38	27	32	-5	-15,6

Fjöldi brota í Miðborg árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	934	1.026	705	961	-256	-26,7
- þar af innbrot	82	104	107	79	28	35,4
Fíkniefnabrot	283	162	161	227	-66	-29,2
Kynferðisbrot	28	47	38	45	-7	-15,6
Ofbeldisbrot	350	336	299	324	-25	-7,8
Eignaspjöll	224	228	255	225	30	13,5
Nytjastuldur	35	30	41	29	12	41,4

## - Vesturbær -

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 387 tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Vesturbæ árið 2016.
- Tilkynningum um auðgunarbrot, innbrot, fíkniefnabrot og eignaspjöll fækkaði miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði mest á svæðinu árið 2016 eða um 44 prósent. Auðgunarbrotum fækkaði næst mest, eða um tæplega þriðjung. Þar af fækkaði innbrotum um 15 prósent.
- Skráðum eignaspjölum á svæðinu fækkaði um tæplega níu prósent miðað við meðalfjölda árána á undan.
- Tilkynnt var um tvisvar sinnum fleiri nytjastuldi í hverfinu árið 2016 en að meðaltali árin 2013 til 2015.

## - Seltjarnarnes -

21

- Árið 2016 var tilkynnt um 65 hegningarlaga brot sem áttu sér stað á Seltjarnarnesi.
- Þar sem tilkynningar eru tiltölulega fáar í bæjarfélaginu geta hlutfallsbreytingar gefið nokkuð bjagaða mynd af þróun tilkynninga.
- Árið 2016 fækkaði tilkynningum um öll brot miðað við árið 2015, nema ofbeldisbrot og eignaspjöll.
- Tvöfalt fleiri ofbeldisbrot voru skráð á Seltjarnarnesi árið 2016 miðað að við meðalfjölda árána 2013 til 2015. Er það aðallega fjölgun tilkynninga um minniháttar líkamsárásir í bæjarfélaginu.
- Tilkynntum innbrotum fækkaði um helming á milli árána 2015 og 2016.

Fjöldi brota í Vesturbæ árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	246	282	178	260	-82	-31,5
- þar af innbrot	34	47	34	40	-6	-15,0
Fíkniefnabrot	53	26	23	41	-18	-43,9
Kynferðisbrot	9	16	15	14	1	9,8
Ofbeldisbrot	33	53	47	46	1	1,4
Eignaspjöll	67	64	63	69	-6	-8,7
Nytjastuldur	8	20	24	12	12	100,0

Fjöldi brota á Seltjarnarnesi árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	35	38	24	37	-13	-35,7
- þar af innbrot	6	10	5	8	-3	-37,5
Fíkniefnabrot	13	7	5	8	-3	-34,8
Kynferðisbrot	2	20	1	9	-8	-88,9
Ofbeldisbrot	6	10	13	6	7	105,3
Eignaspjöll	15	7	13	11	2	14,7
Nytjastuldur	2	3	1	2	-1	-57,1

## - Lögreglustöð 2 - Álftanes—Garðabær—Hafnarfjörður

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 1.017 tilkynningar um hegningarlagabrot sem áttu sér stað á varðsvæði lögreglustöðvar 2, sem sinnir Álftanesi, Garðabæ og Hafnarfirði.
- Flestar tilkynningar bárust um brot sem áttu sér stað í Hafnarfirði (731) en færstar um brot sem áttu sér stað á Álftanesi (22).
- Hlutfallslega fjölgaði tilkynningum um flestar tegundir brota sem hér eru tekin fyrir miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, nema auðgunarbrotum og fíkniefnabrotum.
- Hlutfallslega fjölgaði tilkynningum um ofbeldisbrot mest eða um tæplega 86 prósent miðað við meðaltal fyrir ára.
- Tilkynningum um ofbeldisbrot fjölgaði einnig töluvert á milli ára, eða um rúmlega 50 brot.
- Tilkynningum um nytjastuldi fjölgaði næst mest eða um tæplega 40 prósent. Tilkynningarnar voru þó færri árið 2016 miðað við árið 2015.
- Tilkynnt var um 22 prósent fleiri innbrot á svæðinu árið 2016 miðað við meðaltal fyrri ára. Tilkynningarnar voru þó álíka margar árið 2016 líkt og árið 2015, um 100.
- Árið 2016 bárust 311 tilkynningar um auðgunarbrot sem áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 2. Eru það um 23 prósent færri tilkynningar en bárust að meðaltali árin 2013 til 2015.

### Lögreglustöð 2; 1.017 hegningarlagabrot



Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 2 árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi				Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	Meðaltal '13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	327	431	311	405	-94	-23,3
- þar af innbrot	64	98	101	83	18	22,2
Fíkniefnabrot	293	160	195	242	-47	-19,5
Kynferðisbrot	22	29	38	29	9	32,6
Ofbeldisbrot	83	133	185	100	85	85,6
Eignaspjöll	131	154	186	151	35	22,9
Nytjastuldur	19	38	33	24	9	39,4

# - Garðabær og Álftanes -

- Árið 2016 bárust 286 tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Garðabæ og á Álftanesi.
- Tilkynningum um auðgunarbrot, fíkniefnabrot, kynferðisbrot og nytjastuldi fækkaði árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Mest fækkaði auðgunarbrotum, eða um 26 brot miðað við meðaltalið. Hlutfallslega fækkaði hins vegar kynferðisbrotum mest eða um tæp 36 prósent
- Tilkynningum um ofbeldisbrot fjölgaði mest miðað við meðaltal fyrri ára. Tilkynningarnar voru rúmlega tvisvar sinnum fleiri árið 2016 en að meðaltali árin 2013 til 2015. Skýrist fjölgunin að miklu leyti af fleiri tilkynningum um minniháttar líkamsárásir.

# - Hafnarfjörður -

23

- Tilkynnt var um 731 hegningarlaga brot sem átti sér stað í Hafnarfirði árið 2016.
- Tilkynningum fjölgaði um flest þau brot sem tekin eru saman í þessari skýrslu miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, nema auðgunarbrotum og fíkniefnabrotum.
- Mest fjölgaði tilkynningum um ofbeldisbrot, eða um 72 prósent. Þessi fjölgun skýrist að miklu leyti af fjölgun heimilisofbeldismála á svæðinu árin 2015 og 2016.
- Tilkynningum um kynferðisbrot á svæðinu fjölgaði um tæplega 66 prósent miðað við meðaltal fyrri ára.
- Tilkynningum um auðgunarbrot fækkaði hins vegar um fjórðung árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.

Fjöldi brota í Garðabæ og á Álftanesi árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	88	158	103	129	-26	-20,2
- þar af innbrot	24	36	35	29	6	20,7
Fíkniefnabrot	62	37	35	53	-18	-33,5
Kynferðisbrot	9	11	6	9	-3	-35,7
Ofbeldisbrot	15	32	50	21	29	138,1
Eignaspjöll	39	50	48	45	3	5,9
Nytjastuldur	6	13	5	7	-2	-31,8

Fjöldi brota í Hafnarfirði árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15


	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	239	273	208	276	-68	-24,7
- þar af innbrot	40	62	66	54	12	23,0
Fíkniefnabrot	231	123	160	190	-30	-15,6
Kynferðisbrot	13	18	32	19	13	65,5
Ofbeldisbrot	68	101	135	79	56	71,6
Eignaspjöll	92	104	138	106	32	30,2
Nytjastuldur	13	25	28	16	12	71,4

# - Lögreglustöð 3 -

## Breiðholt — Kópavogur

- Árið 2016 var tilkynnt um 1.934 hegningarlagabrot sem áttu sér stað á varðsvæði lögreglustöðvar 3.
- Flest brot áttu sér stað í Kópavogi, eða um 1.145.
- Tilkynningum fækkaði um flestar tegundir brota árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015, nema tilkynningum um ofbeldisbrot og nytjastuldi.
- Mest fækkaði skráðum auðgunarbrotum miðað við meðaltal fyrri ára, um 390 tilkynningar eða rúmlega þriðjung.
- Innbrotum á svæðinu fækkaði næst mest eða um rúmlega 22 prósent.
- Tilkynningum um önnur brot fækkaði hlutfallslega minna.
- Tilkynnt var um álíka mörg kynferðisbrot á svæðinu líkt og árið 2015, en tilkynningarnar voru þó um átta prósent færri miðað við meðalfjölda árána 2013 til 2015.
- Tilkynnt var um færri ofbeldisbrot á svæðinu árið 2016 miðað við árið 2015. Tilkynningarnar voru þó um 20 prósent fleiri árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Lögreglunni bárust 106 tilkynningar um nytjastuldi árið 2016 sem voru um 38 prósent fleiri en þær voru að meðaltali árin 2013 til 2015 á svæðinu. Tilkynningunum fækkaði þó um tvær miðað við árið 2015.

### Lögreglustöð 3; 1.934 hegningarlagabrot



Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 3 árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	1.084	1.169	748	1.138	-390	-34,3
- þar af innbrot	298	324	232	299	-67	-22,4
Fíkniefnabrot	294	278	284	304	-20	-6,6
Kynferðisbrot	37	55	56	61	-5	-8,2
Ofbeldisbrot	162	279	237	197	40	20,1
Eignaspjöll	326	344	280	312	-32	-10,3
Nytjastuldur	83	108	106	77	29	37,7



## - Breiðholt -

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 789 tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Breiðholti árið 2016.
- Tæplega 30 prósent þessara tilkynninga voru vegna auðgunarbrota. Slíkum tilkynningum fækkaði um rúmlega 35 prósent samanborið við meðalfjölda árin 2013 til 2015.
- Innbrotum fækkaði einnig á svæðinu miðað við meðaltal fyrri ára, eða um rúmlega 18 prósent.
- Ofbeldisbrotum, kynferðisbrotum og nytjastuldum fjölgaði hins vegar miðað við meðaltal fyrri ára.
- Þar af fjölgaði ofbeldisbrotum hlutfallslega mest eða um rúmlega 35 prósent, tilkynningum um ofbeldisbrot fækkaði þó um tvær á milli ára.

## - Kópavogur -

25

- Árið 2016 var tilkynnt um 1.145 hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Kópavogi.
- Af þeim brotum sem tekin eru saman í þessari skýrslu fækkaði tilkynningum um öll brot nema ofbeldisbrot og nytjastuldi miðað við meðaltal árána 2013 og 2015.
- Ofbeldisbrotum fjölgaði lítillega miðað við meðalfjölda fyrri ára en fækkaði á milli ára.
- Skráðum nytjastuldum fjölgaði hins vegar töluvert miðað við meðaltal fyrri ára eða um rúmlega 50 prósent.
- Auðgunarbrotum fækkaði mest í Kópavogi eða um rúmlega þriðjung miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.

Fjöldi brota í Breiðholti árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	360	362	227	350	-123	-35,2
- þar af innbrot	120	134	93	114	-21	-18,2
Fíkniefnabrot	150	169	152	171	-19	-10,9
Kynferðisbrot	17	28	29	27	2	7,4
Ofbeldisbrot	85	144	142	105	37	35,7
Eignaspjöll	167	175	137	159	-22	-13,8
Nytjastuldur	38	46	40	34	6	17,6

Fjöldi brota í Kópavogi árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15


	Fjöldi			Meðaltal '13-'15	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016		Fjöldi	%
Auðgunarbrot	724	807	521	787	-266	-33,8
- þar af innbrot	178	190	139	185	-46	-25,0
Fíkniefnabrot	144	109	132	133	-1	-1,0
Kynferðisbrot	20	27	27	34	-7	-20,6
Ofbeldisbrot	77	135	95	93	2	2,5
Eignaspjöll	159	169	143	153	-10	-6,5
Nytjastuldur	45	62	66	43	23	53,5

# - Lögreglustöð 4 -

## Árbær—Grafarholt—Grafarvogur— Mosfellsbær—Kjalarnes—Kjósarhreppur

- Tilkynnt var um 1.189 hegningarlaga brot sem áttu sér stað á varðsvæði lögreglustöðvar 4 árið 2016.
- Flest hegningarlaga brot áttu sér stað í Grafarvogi, 451, en fæst í Kjósarhreppi. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust engar tilkynningar um brot sem áttu sér stað þar árið 2016.
- Á svæðinu fækkaði tilkynningum um öll þau brot sem hér eru tekin saman árið 2016, nema fíkniefnabrotum og ofbeldisbrotum, miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Tilkynningum um auðgunarbrot fækkaði um rúm 42 prósent árið 2016 miðað við meðaltal fyrri ára, og fækkaði tilkynntum innbrotum þar af um tæplega 30 prósent.
- Tilkynnt var um tæplega átta prósent færri kynferðisbrot á svæðinu árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015. Tilkynningum fjölgaði þó lítillega á milli árána 2015 og 2016, eða um fjórar tilkynningar.
- Nytjastuldum fækkaði um tæp 20 prósent á svæðinu miðað við meðalfjölda fyrri ára.
- Skráðum fíkniefnabrotum á svæðinu fjölgaði um tæplega 22 prósent samanborið við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Ofbeldisbrotum fjölgaði um tæplega 68 prósent miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.

Lögreglustöð 4; 1.189 hegningarlaga brot



Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 4 árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi				Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	641	689	380	660	-280	-42,4
- þar af innbrot	194	199	138	195	-57	-29,2
Fíkniefnabrot	364	348	397	326	71	21,7
Kynferðisbrot	38	29	33	36	-3	-7,5
Ofbeldisbrot	104	148	187	112	75	67,5
Eignaspjöll	224	215	222	222	0	-0,1
Nytjastuldur	71	73	49	61	-12	-19,7

## - Árbær og Grafarholt -

- Tilkynnt var um 552 hegningarlagabrot sem áttu sér stað í Árbæ og Grafarholti árið 2016.
- Þar af var um þriðjungur tilkynninganna vegna auðgunarbrota. Slíkum tilkynningum fækkaði þó um tæplega 40 prósent árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015.
- Tilkynningum um fíkniefnabrot, ofbeldisbrot og eignaspjöll fjölgaði árið 2016 í þessum tveimur hverfum samanborið við meðalfjölda árána áður.
- Hlutfallslega fjölgaði ofbeldisbrotum mest, um tæplega 42 prósent, miðað við meðaltal árána 2013 til 2015. Tilkynningum um ofbeldisbrot fækkaði þó lítillega á milli árána 2015 og 2016.

## - Grafarvogur -

27

- Árið 2016 var tilkynnt um 451 hegningarlagabrot sem átti sér stað í Grafarvogi.
- Tilkynningum um auðgunarbrot fækkaði töluvert á svæðinu árið 2016 samanborið við meðaltal árána 2013 til 2015, eða um 41 prósent.
- Þar af fækkaði tilkynningum um innbrot um 45 prósent samanborið við meðaltal fyrri ára.
- Tilkynningum um ofbeldisbrot fjölgaði töluvert á svæðinu árið 2016 miðað við meðaltal árána 2013 til 2015. En lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bærust tvisvar sinnum fleiri tilkynningar árið 2016 en bærust að meðaltali þessi ár.
- Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði einnig, eða um tæplega fjórðung.

Fjöldi brota í Árbæ og Grafarholti árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	243	352	179	295	-116	-39,3
- þar af innbrot	81	97	79	83	-4	-5,2
Fíkniefnabrot	81	106	104	87	17	20,0
Kynferðisbrot	21	13	16	17	-1	-5,9
Ofbeldisbrot	37	76	70	49	21	41,9
Eignaspjöll	84	91	96	83	13	16,1
Nytjastuldur	27	35	21	26	-5	-20,3

Fjöldi brota í Grafarvogi árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	272	231	140	239	-99	-41,4
- þar af innbrot	57	65	31	56	-25	-45,0
Fíkniefnabrot	262	215	266	214	52	24,1
Kynferðisbrot	11	8	11	11	0	-2,9
Ofbeldisbrot	52	48	88	44	44	101,5
Eignaspjöll	112	92	87	109	-22	-19,9
Nytjastuldur	28	31	22	25	-3	-12,0

# - Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjósarhreppur -

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 186 tilkynningar um hegningarlaga brot sem áttu sér stað í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi.
- Árið 2016 barst engin tilkynning um hegningarlaga brot í Kjósarhreppi.
- Tæplega þriðjungur tilkynninganna árið 2016 voru vegna auðgunarbrota á svæðinu. Skráðar voru um 50 prósent færri tilkynningar árið 2016 miðað við með meðalfjölda árin 2013 til 2015.
- Tilkynntum ofbeldisbrotum fjölgaði um 55 prósent árið 2016 miðað við meðaltal fyrri ára.



Fjöldi brota í Árbæ og Grafarholti árin 2014-2016 og breytingar 2016 frá meðaltali '13-'15

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '13-'15	
	2014	2015	2016	'13-'15	Fjöldi	%
Auðgunarbrott	126	106	61	126	-65	-51,7
- þar af innbrott	56	37	28	55	-27	-49,4
Fíkniefnabrott	21	27	27	25	2	6,6
Kynferðisbrott	6	8	6	7	-1	-18,2
Ofbeldisbrott	15	24	29	19	10	55,4
Eignaspjöll	28	32	39	31	8	25,8
Nytjastuldur	16	7	6	10	-4	-37,9



# - Samanburður milli svæða -

Hér er fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu borinn saman að teknu tilliti til íbúafjölda. Fyrst er fjöldi brota miðað við 10.000 íbúa borinn saman milli lögreglustöðva og síðan milli hverfa og svæða. Skoðaður er meðalfjöldi brota miðað við íbúafjölda þá bæði með og án Miðborgar. Meðalfjöldi brota í Miðborg miðað við íbúafjölda skeykir heildarmyndina nokkuð enda sækja margir svæðið heim, sérstaklega vegna skemmtanahalds um helgar. Þarf að hafa hliðsjón af því við samanburð á milli svæða.





# - Heildarfjöldi brota -

- Tilkynningum um hegningarlagabrot fækkaði á svæðum allra lögreglustöðva nema varðsvæði lögreglustöðvar 2 þegar tekið er tillit til íbúafjölda.
- Hlutfallslega fækkaði brotum mest á svæði lögreglustöðvar 3, eða um tæplega 15 prósent.
- Líkt og undanfarin ár áttu flest hegningarlagabrot sér stað í Miðborg, eða 2.037 á hverja 10.000 einstaklinga með skráða búsetu á því svæði.
- Á heildina litið var meðalfjöldi brota miðað við 10.000 íbúa 431 brot. Sé Miðborg ekki tekin með var meðaltalið 308 brot á hverja 10.000 íbúa.





# - Ofbeldisbrot -

- Tilkynningum um ofbeldisbrot fækkaði á svæði lögreglustöðva 1 og 3 miðað við hverja 10.000 íbúa, en fjölgaði á svæðum lögreglustöðva 2 og 4.
- Fjölgunin var hlutfallslega mest á svæði lögreglustöðvar 2.
- Árið 2016 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 387 tilkynningar um ofbeldisbrot á hverja 10.000 íbúa í Miðborg, en þar áttu langflest ofbeldisbrot sér stað.
- Á heildina litið var tilkynnt um 66 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Sé Miðborg ekki tekin með í meðaltalið voru tilkynningarnar 41 á hverja 10.000 íbúa.



# - Kynferðisbrot -



- Árið 2016 bárust að meðaltali 12 tilkynningar um kynferðisbrot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu.
- Langflestar tilkynningar bárust um brot sem áttu sér stað í Miðborg, eða um 49 tilkynningar á hverja 10.000 íbúa með skráða búsetu þar.
- Næst flestar tilkynningar bárust um brot sem áttu sér stað í Laugardal, eða um 20 á hverja 10.000 íbúa þar.
- Sé Miðborg ekki tekin með í meðaltalinu bárust níu tilkynningar á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu.







# - Innbrot -

- Tilkynningum um innbrot fækkaði á öllum varðsvæðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 miðað við 10.000 íbúa miðað við árið 2015, nema á svæði lögreglustöðvar 2 þar sem fjöldinn stóð í stað.
- Árið 2016 bárúst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali 42 tilkynningar um innbrot á hverja 10.000 íbúa, en um 35 tilkynningar á hverja 10.000 íbúa sé Miðborg ekki talin með.
- Tilkynningum fjölgaði aðeins á þremum svæðum höfuðborgarsvæðisins á milli ára miðað við íbúafjölda, þ.e. í Miðborg, Hafnarfirði og Grafarholti.





# - Fíkniefnabrot -

- Árið 2016 fjölgaði skráðum fíkniefnabrotum á hverja 10.000 íbúa á varðsvæði lögreglustöðvar 2 og 4 miðað við árið 2015.
- Á milli ára fækkaði brotum á svæði stöðvar 1 og stóð fjöldinn í stað á svæði stöðvar 3.
- Skráð voru 64 brot að meðaltali á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 2016, en 53 sé Miðborg ekki tekin með.
- Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði á öllum svæðum miðað við 10.000 íbúa, nema í Kópavogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Grafarvogi og Miðborg þar sem brotum fjölgaði.





# - Eignaspjöll -

- Tilkynningum um eignaspjöll fjölgaði á öllum varðsvæðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu nema svæði lögreglustöðvar 3.
- Að meðaltali var tilkynnt um 71 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Er það fleiri tilkynningar en bárust að meðaltali árið 2015.
- Tilkynningar voru 51 á hverja 10.000 íbúa ef Miðborg er ekki tekin með í meðtalið.
- Líkt og með önnur brot bárust flestar tilkynningar um brot sem áttu sér stað í Miðborg árið 2016.



# - Nytjastuldur -

- Árið 2016 fækkaði tilkynningum um nytjastuldi á öllum varðsvæðum á höfuðborgarsvæðinu, sé tillit tekið til íbúafjölda.
- Fæstar tilkynningar um nytjastuldi bárust af varðsvæði lögreglustöðvar 2 en flestar á varðsvæði lögreglustöðva 1 og 3.
- Að meðaltali bárust 15 tilkynningar á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 2016.
- Tilkynningum fækkaði á flestum svæðum þegar tekið er tillit til íbúafjölda, nema í Hafnarfirði, Hlíðum, Vesturbæ, Kópavogi og í Miðborg.



Útkallsnúmer lögreglu er:

**112**  
EINN EINN TVEIR

## **Lögreglustöðvar:**

1. Hverfisgata 113-115, 105 Reykjavík
2. Flatahraun 11, 220 Hafnarfjörður
3. Dalvegur 18, 201 Kópavogur
4. Vínlandsleið 2-4, 113 Reykjavík

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

